



NOKKRIR PUNKTAR UM BÚÐARRÁN OG VARNIR GEGN ÞEIM

Byggt á bækling sem Kaupmannasamtök Íslands gáfu út í samvinnu við lögregluna

Þessar leiðbeiningar geta ef til vill hjálpað þér að forðast röng viðbrögð,
sem stofnað gætu þér og öðrum í hættu ef þú stendur frammi fyrir ráni.

REYNDU EKKI AÐ LEIKA HETJU - líf þitt og heilsa eru meira virði en fjárhagslegt tjón!

1. Ef þér er ógnað með vopni - GERÐU ÞAÐ SEM RÆNINGINN SEGIR ÞÉR AÐ GERA.
2. Ef þér er ógnað á annan hátt - GERÐU ÞAÐ SEM RÆNINGINN SEGIR ÞÉR AÐ GERA.
3. EKKI GERA NEITT SEM HVETUR RÆNINGJANN TIL AÐ BEITA ÞIG EÐA AÐRA VALDI.
4. SÝNDU STILLINGU – eins mikla og mögulegt er!
5. Ef viðvörðunarkerfi er uppsett, settu það í gang strax og það er hægt ÁN ÁHÆTTU fyrir þig og aðra.
6. HRINGDU Í LÖGREGLUNA – eins fljótt og unnt er, þegar það er hægt án áhættu fyrir þig og aðra. VELDU 112 OG EKKI LEGGJA Á.
7. Hlífðu öllum hugsanlegum ummerkjum – læstu búiðinni þegar ræninginn hefur yfirgefið staðinn.

Þótt það sé óhugnanleg reynsla að vera rændur skaltu samt reyna – til þess að auðvelda lögreglunni rannsóknarstarfið – að taka eftir sem flestu í fari ræningjans; aldri, útliti, klæðnaði, líkamlegum sérkennum, talsmáta, flóttaleið, tegund og lit bifreiðar, bílnúmeri og öðru því sem við á.

Ekki ræða það sem þú tókst eftir við viðskiptavini eða starfsfólk í búiðinni, en SKRIFAÐU STRAX NIÐUR Á BLAÐ ALLT SEM ÞÚ MANNST.

ÞAÐ ER Á ÞÍNU VALDI AÐ REYNA EKKI AÐ FREISTA ÞJÓFA

1. Hafðu kassann alltaf lokaðan þegar ekki er verið að taka við peningum og gefa til baka!
2. **HAFÐU ALDREI MEIRA Í KASSANUM EN NAUÐSYN KREFUR.** Gættu þess að leggja allar stórar upphæðir strax inn í banka eða setja þær í traustan peningaskáp. Sértu ein(n) í búiðinni t.d. á kvöldin, ætti að vera til staðar traustur peningaskápur eða gólfkassi sem þú getur sett peninga í án þess að nota lykil. Lykilinn ætti ekki að vera geymdur í búiðinni.

3. **Læstu ávallt bakinngangi og millihurðum** – ekki síst ef þú ert ein(n) í búðinni.
4. **Sértu ein(n) í búðinni skaltu halda þig sem mest í afgreiðslurýminu.** Þannig dregur þú úr möguleikum hugsanlegs ræningja til að grímubúast inni í búðinni.
5. **Forðastu í lengstu lög að hleypa einhverjum inn fyrir afgreiðsluborðið.** Þannig kemurðu í veg fyrir að óviðkomandi komist of nærri þér – og að óviðkomandi sjái hugsanlegan viðvörunarbúnað o.s.frv.
6. **GAKKTU ÚR SKUGGA UM AÐ ÞÚ LÆSIR ENGAN INNI Í BÚÐINNI.**
7. Talning úr kassa. Gættu þess að gera kassann aldrei upp þegar og þar sem óviðkomandi sér til.

MUNDU EFTIR AÐ LÆSA ÖLLUM HURÐUM

UPPLÝST UM RÁN:

Hafi rán verið framið hjá þér skaltu vitanlega skýra yfirboðara þínum, ef einhver er, frá því en talaðu ekki um einstök atriði varðandi ránið við aðra, einkum og sér í lagi ekki um upphæðina sem rænt var.

Hafðu samráð við lögregluna og yfirboðara þinn um það hvaða upplýsingar um ránið má opinbera.

